

Skattlagning orkumannvirkja – lokasprettur í löngu baráttumáli

Afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati og fasteignasköttum hefur verið eitt helsta baráttumál Samtaka orkusveitarfélaga frá stofnun samtakanna árið 2011. Málið snýst í grunninn um réttlæti, jafnræði og sanngjarnan ávinning nærsamfélaga af orkuvinnslu.

Orkumannvirki hafa veruleg og varanleg áhrif á þau sveitarfélög þar sem þau eru staðsett. Þau hafa áhrif á landnotkun, skipulag, náttúru, innviði, þjónustu, þróun byggða og framtíðarmöguleika nærsamfélaga. Þrátt fyrir það hafa orkumannvirki að stórum hluta verið undanþegin fasteignamati og fasteignasköttum. Það hefur leitt til þess að sveitarfélög sem bera áhrifin af orkuvinnslu njóta ekki sanngjarns fjárhagslegs ávinnings af þeim mannvirkjum sem eru innan þeirra marka.

Þetta er ekki nýtt mál. Samtök orkusveitarfélaga hafa um árabil bent á að óeðlilegt sé að orkumannvirki, sem í dag starfa á samkeppnismarkaði, njóti undanþágu frá fasteignasköttum. Fasteignaskattar eru einn af helstu tekjustofnum sveitarfélaga og meginreglan á að vera skýr: fasteignaskattar eiga að greiðast af öllum fasteignum.

Frumvarpsdrög í samráðsgátt

Síðasta vetur fóru drög að frumvarpi um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati í samráðsgátt stjórnvalda. Samtök orkusveitarfélaga fögnuðu því sérstaklega að málið væri komið á þetta stig, enda hefur það verið til meðferðar í stjórnkerfinu um langt árabil.

Frumvarpsdrögin fela í sér mikilvægt skref: að skapa lagagrundvöll til að meta orkumannvirki til fasteignamats og leggja á þau fasteignaskatt. Með því yrði stigið stórt skref í átt að því að stærri hluti tekna af orkumannvirkjum renni til þeirra nærsamfélaga sem bera áhrifin af orkuvinnslu.

Samtökin hafa þó lagt áherslu á að útfærslan skipti öllu máli. Skattlagningin þarf að vera skýr, gagnsæ, fyrirsjáanleg og þannig úr garði gerð að tekjurnar skili sér í reynd til viðkomandi sveitarfélaga.

Helstu áherslur Samtaka orkusveitarfélaga

Samtök orkusveitarfélaga leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Að skattprósenta orkumannvirkja verði 0,7%, með möguleika á skynsamlegri innleiðingu í þrepum.
- Að sveitarfélög verði ekki fyrir neikvæðum fjárhagslegum áhrifum vegna breytinganna.
- Að fasteignaskatttekjur af orkumannvirkjum renni til nærsamfélaganna sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu.
- Að tekjuskipting milli sveitarfélaga byggji á raunverulegu áhrifasvæði mannvirkja.
- Að fasteignamat verði gagnsætt, faglegt og kæranlegt.
- Að hvalrekaákvæði skerði ekki tekjur sveitarfélaga eða leiði til tvöfaldrar skerðingar í samspili við Jöfnunarsjóð.
- Að breyting á fasteignaskatti á stóriðju sé ekki til umræðu og eigi alls ekki að eiga sér stað í tengslum við umræddar breytingar á afnámi undanþágu á skattlagningu orkumannvirkja.

Af hverju málið skiptir máli

Afnám undanþágunnar er ekki aðeins tæknilegt skattamál. Það er forsenda trausts, samfélagslegrar sáttar og réttlátrar skiptingar á ávinningi af nýtingu orkuauðlinda. Nærsamfélög orkumannvirkja eiga ekki að fórna náttúru, landi og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Ef byggja á upp nýja orkuinnviði, tryggja orkuskipti og skapa breiðari sátt um orkuöflun þarf að tryggja að nærsamfélögin sitji ekki eftir.

Málið er einnig mikilvægt fyrir sveitarfélög um allt land. Það snýst um stöðu sveitarfélaga gagnvart ríkinu, sjálfstæða tekjustofna þeirra og þá grundvallarreglu að sveitarfélög eigi að njóta eðlilegra tekna af mannvirkjum og atvinnustarfsemi innan sinna marka.

Lokaspretturinn

Nú er málið komið á lokametra. Frumvarpsdrög voru í samráðsgátt síðasta vetur og stefnt er að því að málið fari fyrir Alþingi í haust. Það er því afar mikilvægt að sveitarstjórnarfólk um allt land taki virkan þátt í að fylgja málinu eftir.

Samtök orkusveitarfélaga hafa haldið þessu máli á lofti frá stofnun samtakanna. Nú þarf sameiginlegan kraft sveitarfélaga til að tryggja að málið klárist og verði að lögum. Sveitarstjórnarfólk þarf að tala skýrt fyrir mikilvægi þess að afnema undanþáguna, tryggja sanngjarna útfærslu og standa vörð um að tekjurnar skili sér til nærsamfélaga. Þetta er lokasprettur í 15 ára baráttumáli. Nú þarf að klára málið.

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 21. ágúst nk. Á aðalfundinum verður sérstök kynning á þessu máli, forsögu þess, þróun og hver staðan er í dag. Kjörnum fulltrúum sem og öðrum fundargestum býðst einnig tækifæri á að spyrja spurninga og setja sig betur inn í málið og vera þannig undirbúin fyrir hagsmunagæslu sem mun eiga sér stað næsta vetur er málið fer vonandi inn á þing.